

*Þingskjal 777, 118. löggjafarþing 325. mál: vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum (réttur útlendinga).
Lög nr. 19 6. mars 1995.*

Lög um breytingu á lögum nr. 78/1993, um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

1. gr.

2. gr. laganna hljóðar svo:

Verndar samkvæmt lögum þessum nýtur sá sem hannað hefur svæðislýsingu smárása í hálfleiðara eða sá aðili eða lögaðili er öðlast hefur rétt hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 23. febrúar 1995.